

125 Áður en hjónaefnin undirrita yfirlýsinguna, skal prestur eða vígslumaður
27. jan. brýna fyrir þeim að ráðfæra sig við lækni, ef þau séu í nokkrum vafa um heilsu-
far sitt að þessu leyti.

Læknir gefur vottorð um það, hvort maður eða kona hafi smitandi kyn-
sjúkdóm og hvort hjónaband skuli leyfa, í samræmi við ákvæði 1. greinar
þessarar reglugerðar.

7. gr.

Reglur nr. 66 frá 20. október 1923 eru hér með úr gildi numdar.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 27. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gíssur Bergsteinsson.

126
31. jan.

REGLUR

um útsvarsskýrslur utansveitarmanna.

Samkvæmt fyrirmælum í 11. gr. laga nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, eru
eftirfarandi reglur settar:

1. gr.

Sveit í reglum þessum tekur bæði yfir hrepp og kaupstað.

Sveitarstjórn tekur bæði til hreppsnefnda og bæjarstjórna.

Atvinnusveit merkir hrepp eða kaupstað, þar sem atvinna er rekin eða
stunduð.

Heimilissveit merkir þann hrepp eða kaupstað, þar sem atvinnurekandi eða
atvinnustundandi á heimilisfang.

Utansveitarmaður merkir hvern þann, er rekur atvinnu eða stundar atvinnu
utan heimilissveitar sinnar.

2. gr.

Hverjum þeim einstaklingi eða félagi, sem:

1. hefir heimilisfasta atvinnustofnun eða útibú utan heimilissveitar sinnar,
2. hefir leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi þeim ábúð, svo sem laxveiði,
ábúð á jörð eða jarðarhluta, lóðarafnot, er arð gefa, o. s. frv., utan heimilis-
sveitar sinnar,
3. á heima erlendis, en rekur hér atvinnu eða stundar,
4. stundar fiskiveiðar og leggur upp afla af skipi utan heimilissveitar sinnar,
5. rekur annars atvinnu utan heimilissveitar sinnar, svo sem verzlun, selveiði,
hvalveiði, síldar kaup, síldarsölu, síldarverkun eða síldarbræðslu eða verk-
smiðjuviðnað,

6. flyzt búferlum úr einni sveit í aðra,
7. erlendum váttryggingarfélögum,

126

31. jan.

er skylt að senda sveitarstjórn atvinnusveitar sinnar skýrslu um atvinnurekstur sinn í atvinnusveitinni, og atvinnutíma síðastliðið almanaksár, reikningsár eða rekstrartímabil, á eyðublöðum samkvæmt I. sýnishorni¹⁾ hér á eftir.

Einnig skulu þeir, sem eiga heima erlendis, senda sveitarstjórn atvinnusveitar skýrslu um eignir sínar í atvinnusveitinni.

Þeir, sem í 1.—3. tölulið segir, skulu senda skýrslurnar fyrir hvert umliðið almanaksár eigi síðar en í janúarlok næst á eftir, en þeir, sem í 4.—6. tölulið getur, skulu gera það áður en þeir flytjast búferlum eða áður en þeir hverfa aftur úr atvinnusveitinni, og þó aldrei síðar en í árslok ár hvert. Erlend váttryggingarfélög sendi skýrslurnar eigi síðar en 30. júní ár hvert. Skulu þær greina iðgjöld síðasta árs af tryggingum, er greiðst hafa umboðsmanni þar í sveit síðasta reikningsár.

3. gr.

1. Þeir, sem stunda atvinnu utan heimilissveitar sinnar að minnsta kosti 3 mánuði samtals á útsvarsárinu í sömu sveit, og
 2. þeir, sem lögskráðir eru á skip utan heimilissveitar sinnar að minnsta kosti 3 mánuði af útsvarsárinu samfleytt í sömu sveit,
- skulu senda sveitarstjórn atvinnusveitar sinnar skýrslu samkvæmt III. sýnishorni¹⁾ um atvinnu sína þar, áður en þeir hverfa þaðan, þó aldrei síðar en í árslok ár hvert.

4. gr.

Allir þeir, sem hafa utansveitarmenn í þjónustu sinni, skulu senda sveitarstjórn atvinnusveitar skýrslu um þessa menn og kaup það, er þeim hefir verið greitt á hverju útsvarsári. Ef vinnuveitandi er búsettur í atvinnusveitinni, eða hefir þar heimilisfasta atvinnustofnun, skal hann senda skýrslur þessar fyrir lok janúarmánaðar næstu á eftir útsvarsárinu, en sé vinnuveitandi utansveitarmaður, skal hann senda skýrsluna jafnskjótt og hvers árs atvinnurekstri þar í sveit er lokið, þó aldrei síðar en í árslok. Skýrslur þessar skal gera samkvæmt II. sýnishorni.¹⁾

5. gr.

Nú lætur aðili eigi af hendi skýrslu samkvæmt ákvæðunum hér að framan, og getur atvinnuáráðuneytið þá lagt við 5—200 króna dagsektir, ef skyldunni er ekki fullnægt innan þess tíma, er ráðuneytið tiltekur.

6. gr.

Sveitarstjórn getur krafist utansveitar atvinnurekendur um reikninga atvinnufyrirtækis þeirra eftir sömu reglum sem skattanefndir geta það. Svo er

1) Sýnishornið er prentað í B-deild Stj.tíð. 1927, bls. 162—165.

126 sveitarstjórnnum og rétt að rannsaka eða láta rannsaka bækur utansveitarat-
31. jan. vinnurekenda með sama hætti sem skattanefndir, enda hvílir á sveitarstjórnnum sama þagnarskylda og á skattanefndum um þau atriði, er þeir verða áskynja um og hag aðilja varða.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra lætur gera eyðublöð þau, er í reglum þessum getur, og sér um, að þau verði fáanleg hjá hreppstjórum og sveitarstjórnnum.

Skylt skal hreppstjórum, formönnum skattanefnda og oddvitum sveitarstjórna að veita mönnum leiðbeiningar og aðstoð um skýrslugjafir samkvæmt reglum þessum.

8. gr.

Skrár þær, sem sveitarstjórn gerir samkvæmt 14. gr. útsvarslaganna, yfir þá gjaldþegna, er hún hyggur sig eiga að fá hluta af útsvörum þeirra frá annari sveit, skal sveitarstjórn atvinnusveitar senda til viðkomandi heimilissveitar eins fljótt eftir áramót og unnt er.

Ekki skulu skýrslur þessar taldar hafa komið of seint fram, ef þær berast sveitarstjórn heimilissveitar fyrir miðjan aprilmánuð. Þó skulu skýrslurnar ætíð taldar hafa komið fram í tæka tíð, ef þær berast til heimilissveitar áður en nið-urjöfnun útsvara þar er lokið.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað og eru jafnframt úr gildi numdar reglur um útsvarsskýrslur utansveitarmanna frá 8. nóvember 1927.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. janúar 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

127

4. des.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð um Slysatryggingu ríkisins 28. desember 1931.

Samkvæmt lögum nr. 72, 8. september 1931, um slysatryggingar, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Í tryggingarskyldri iðntryggingu teljast menn því aðeins slysatryggðir á leið til eða frá vinnu, eða í sendiferðum beint í þágu hennar, á vinnutímanum, að það hafi verið tekið fram af váttryggjandanum þegar vinnan var tilkynnt og skráð til tryggingar, enda sé þá sú vinna ekki skráð til tryggingar í lægra